

19. 12. 70

Framtíð Reykjavíkur.

Aratugum saman hefi eg verið að veita eftirtekt þessu landsigi hér, eða sjávarhækkun, sem Guðm. G. Bárðarson mintist á í einum sinna fróðlegu og skemtilegu fyrirlestra um jarðfræði Íslands. Niðurstaða mín hefir orðið sú, að háflæðarmál sé nokkru hærra hér nú en fyrir hb. 50 árum. Hefir mér virst sem munurinn gæti varla verið minni en 10 cm., en þó ekki mikið þar yfir. Að vísu er þetta ekki nema ágiskun, en mælingar, sem gerðar hafa verið annarsstaðar, miða heldur til að styðja hana. Danskur sjóliðsforingi, Kommandör Frode, sem stóð fyrir rannsóknarleiðangri til Grænlands, er eg tók þátt í, ákvæð 1897 nákvæmlega, við Godhavn á Diskó, línu sem marka má af sjávarhæð, (hrúðurkarlaröndina á Klöppunum); 29 árum seinna kom hann þarna aftur, og hafði þá hrúðurkarlaröndin fært sig uppá við um 15 cm., en óhætt að gera ráð fyrir því, að háflæðarmál hafi hækkað að því skapi. Nú er mjög auðvelt fyrir jarðfræðinga, að sjá

þarna á Grænlandsströnd, að hún er að síga, og ennfremur, að sjávarhækkunin þar er til muna örari en hér við Faxaflóa. Eru því mælingar Frode Kommandörs í góðu samræmi við ágiskun mína um sjávarhækkunina hér, en sú ágiskun var gerð áður en eg fékk vitneskju um endurmælingar hans.

Menn eru nú orðnir hér svo duglegir að byggja og steypa, að engin ástæða virðist til að óttast um framtíð miðbæjarins, jafnvel þó að sjór hækkaði hér um 20—30 cm. á 100 árum. En þar að auki virðist nokkur ástæða til að ætla, að þessi hækkun sjávarins sé að hægja á sér. Eg hefi að vísu einungis ónógar athuganir til að byggja á, en á norðanverðu Snæfellsnesi hefir mér virst, sem sjávarhækkun, er þar hefir greinilega átt sér stað, væri nú að stöðvast. En slíkt gæti komið til af því, að sú hækkun sjávarbotnsins, sem er talin eiga sér stað á norðanverðum Breiðafirði, sé nú að byrja að gera vart við sig einnig á firðin-

um sunnanverðum. En ekkert er mér kunnugt, sem gæti verið því til fyrirstöðu, að þessi landhækkun gæti gert vart við sig enn lengra suður og náð einnig hingað, og upphafið þá verið einmitt það, að sjávarhækkunin hér við Reykjavík færi að hægja á sér.

Fyrir mörgum árum, sagði gamall Reykvíkingur mér frá festarhring frá tíð Hólmakaupstaðar, sem væri nú djúpt í sjó um háflæði, en hafði vitanlega verið settur niður fyrir ofan flæðarmál. Ef saga þessi væri sönn, þá er þar að ræða um mikilsverða lendingu í þá átt, að sjávarhækkunin hér hafi verið örari áður. En því miður hefir mér ekki tekist að finna festarhring þenna eða fá neinar upplýsingar um það, hvar helst hans væri að leita. Líklegustu mennirnir til að vita eitthvað um þetta, eru gamlir Reykvíkingar, sem lengi hefðu stundað hér sjó; og ef einhverjum slíkum væri eitthvað um þetta efni kunnugt, væri vel gert að segja frá því í blöðunum.

11. (15.) des.

Helgi Pjeturss.

